

Yfirlit til sjóðfélaga

Almenni lífeyrissjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit sem sýnir hreyfingar á tímabilinu 1. september til 31. desember 2009 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Vegna greiðsluferfiðleika margra fyrirtækja bendum við sjóðfélögum sérstaklega á að bera saman launaseðla og yfirlit og athuga hvort iðgjaldagreiðslur á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins.

Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510 2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is.

Sjö söfn hækkuðu en eitt lækkaði


Sjö ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri ávöxtun árið 2009 en ein var með neikvæða ávöxtun.

- Innlánaafnið hækkaði um 15,2% og mest af ávöxtunarleiðum sem voru í boði allt árið.
- Í mars hóf sjóðurinn að bjóða sjóðfélögum að fjárfesta í tveimur ríkisskuldabréfasöfnum. Langa ríkissafnið hækkaði um 18,5% en stutta safnið um 4,8%.
- Ævisöfn I og II hækkuðu um 9,3–14,6%.
- Samtryggingarsjóður hækkaði um 8,6%.

Ný og einfaldari pappírskyfirlit nánari upplýsingar á sjóðfélagavef

Sjóðfélagar fá nú send breytt yfirlit. Yfirlitin eru einfaldari með lágmarksupplýsingum um iðgjalda-greiðslur, inneign í séreignarsjóði og áætlaðan elli-lífeyri úr samtryggingarsjóði. Á yfirlitunum er lykilorð að sjóðfélagavef með nánari upplýsingum. Sjóðfélagar eru hvattir til að fara inn á vefinn en þar geta þeir á auðveldan hátt fylgst með og metið stöðu sína. Nánari upplýsingar um sjóðfélagavefinn eru á bakhlið.

Nánari upplýsingar um ávöxtun og eignasamsetningu eru á heimsíðu sjóðsins, www.almenni.is.



Myndin sýnir nafnávöxtun ávöxtunarleiða árið 2009 og hækkingu vísitalu neysluverðs til samanburðar.

Hækkun erlendra hlutabréfa og veiking krónunnar skýra hækkingu Samtryggingarsjóðs og Ævisafna I og II. Háir vextir og verðtrygging skýra góða ávöxtun langa Ríkissafnsins og Innlánaafnsins.

Afskriftir innlendra skuldabréfa banka og fyrirtækja skýra lækkingu Ævisafns III og litla hækkingu Ævisafns IV.

Ríkissöfnin hófu starfsemi í mars 2009. Frá þeim tíma og til ársloka hækkaði vísitala neysluverðs um 6,4%.

Nánar verður farið yfir rekstur og afkomu sjóðsins á ársfundi sem verður haldinn 29. apríl 2010 á Grand Hótel Reykjavík.

Iðgjöld í séreignarsjóð greiðast áfram í Innlánaafn

Frá því í október 2008 hefur öllum iðgjöldum í séreignarsjóð verið ráðstafað inn á Innlánaafn sem ávaxtar eignir sínar á innlánaeigningum. Vextir hafa verið mjög háir á tímabilinu og því hefur ávöxtun safnsins verið góð. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins ákvað á fundi í janúar 2010 að ráðstafa

iðgjöldum áfram inn á Innlánaafnið en bendir á að sjóðfélagar geta óskað eftir að iðgjöldin greiðist inn á aðrar leiðir. Við þá ákvörðun er rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga sem mæla með breyttri eða óbreyttri ráðstöfun.

Sjóðfélagar geta á auðveldan hátt breytt ráðstöfun iðgjalda á sjóðfélagavefnum. Gjörrið svo vel að hafa samband við ráðgjafa ef þið viljið leiðbeiningar eða nánari upplýsingar um ávöxtunarleiðirnar.

Mælir með breyttri ráðstöfun iðgjalda

- Vextir hafa nú lækkað verulega og margt bendir til að vextir lækki áfram.
- Verðbréfasöfn (Ríkissöfnin, Ævisafn I–IV) geta keypt skuldabréf með föstum vöxtum og læst þannig inni núverandi vaxtastig.
- Hlutfall ríkisskuldabréfa og annarra „öruggra“ skuldabréfa hefur aukist í ævisöfnunum. Í þeim eru einnig erlend verðbréf sem eykur áhættudreifingu.

Mælir með óbreyttri ráðstöfun iðgjalda

- Vaxtabreytingar hafa ekki áhrif á höfuðstól og því er ávöxtun safnsins mjög stöðug.
- Innlán eru forgangskrafa samkvæmt neyðarlögum og ríkistrygð samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands.
- Enn er óvissa um markaðsverð skuldabréfa í ævisöfnunum.


Nýr sjóðfélagavefur

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur opnað sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Á honum geta sjóðfélagar skoðað upplýsingar um inneign í séreignarsjóði og réttindi í samtryggingarsjóði. Til þess að komast inn á sjóðfélagavefinn þurfa sjóðfélagar lykilorð sem kemur fram á yfirlitum. Sjóðfélagar sem hafa ekki fengið sent lykilorð geta haft samband við skrifstofu sjóðsins.

Í Netbanka Íslandsbanka verða áfram lágmarksupplýsingar um inneign og lífeyrisréttindi. Notendur Netbankans sem

vilja nánari upplýsingar geta smeltt á hlekk og færst þannig inn á sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins.

Markmið Almenna með sjóðfélagavefnum er að auka aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum um inneign og réttindi til þess að þeir geti betur fylgst með og metið stöðu sína. Við hvetjum sjóðfélaga sem vilja fá leiðbeiningar að hafa samband eða koma á skrifstofu sjóðsins. Einnig þiggjum við allar ábendingar um það sem betur má fara eða um gagnlegar viðbætur.



Sjóðfélagar eru hvattir til að fara inn á sjóðfélagavefinn en þar eru upplýsingar um inneign og lífeyrisréttindi og hægt að gera ýmsar aðgerðir.

Á sjóðfélagavefnum eru upplýsingar um

- greidd iðgjöld og ráðstöfun þeirra
- inneign í séreignarsjóði og ávöxtunarleiðir
- áætlaðan ellilífeyri til æviloka
- örorku-, maka- og barnalífeyri
- lífeyrisgreiðslur og launaseðla
- aðra lífeyrissjóði sem greitt hefur verið í
- og fleira

Á sjóðfélagavefnum er hægt að

- breyta ráðstöfun iðgjalda
- gera eignabreytingar
- prenta einföld eða sundurliðuð yfirlit
- afþakka pappírasyfirlit
- breyta um lykilorð
- skrá netfang á póstlista
- og fleira

Fundir og mannfagnaðir

Eftirfarandi fundir fyrir sjóðfélaga eru fyrirhugaðir á tímabilinu febrúar til júní.

Rabfundur fimmtudaginn 25. mars kl. 8.30–9.30

Efni: Ávöxtunarleiðir, staða og horfur

Ársfundur fimmtudaginn 29. apríl kl. 17.15 á Grand Hótel Reykjavík

Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins

Rabfundur fimmtudagur 27. maí kl. 8.30–9.30

Efni: Hvenær get ég hætt að vinna?

Rabfundur fimmtudaginn 10. júní kl. 8.30–9.30

Efni: Þjónusta við launagreiðendur

Rabfundirnir eru haldnir í húsnæði sjóðsins í Borgartúni 25. Á þeim geta sjóðfélagar hitt starfsmenn og spurt spurninga eða rætt um málefni sjóðsins. Fundarherbergið okkar tekur um 30 manns og verða sjóðfélagar að skrá þátttöku. Ef þátttaka verður meiri munum við halda annan fund við fyrsta tækifæri. Rabfundirnir eru auglýstir á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Við erum líka tilbúin að taka á móti sjóðfélögum sem vilja koma í heimsókn á öðrum tímum og ræða málin. Einnig erum við tilbúin að koma á vinnustaði sé þess óskað. Hringið í síma 510 2500 eða sendið póst á almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar

almenni.is

Á heimasíðu okkar, www.almenni.is, birtast reglulega fréttir um sjóðinn og lífeyrismál. Þar er einnig hægt að senda fyrirspurnir til sjóðsins á netfangið almenni@almenni.is eða panta viðtal við ráðgjafa sjóðsins.

Borgartún 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25 en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9–16 og geta sjóðfélagar hvenær sem er komið og hitt ráðgjafa sjóðsins. Verið velkomin.

510 2500

Símanúmerið okkar er 510 2500. Gjörið svo vel að hringja ef ykkur vantar upplýsingar eða ef þið viljið tala við ráðgjafa.